

Minnisblað.

Viðtakandi: Menningar-, íþróttar- og tómstundaráð

Sendandi: Eiríkur Björn Björgvinsson sviðsstjóri MÍR

Á fundi menningar-, íþróttar- og tómstundaráðs var lögð fram tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokkssins um íþróttafulltrúa hjá Leikni. MSS23070063

Lagt er til að gerður verði samningur við Íþróttafélagið Leikni í Breiðholti um stuðning borgaryfirvalda við starf íþróttafulltrúa á vegum félagsins. Samningurinn taki mið af þeim samningum, sem begar hafa verið gerðir við önnur hverfisíþróttafélög í borginni.

Íþróttafélagið Leiknir var stofnað 1973 og er íþróttafélag með aðsetur í Efra-Breiðholti.

Félagið rekur fimm deildir samkvæmt upplýsingum á heimasíðu félagsins. Badmintondeild, blakdeild, bortennisdeild, knattspyrnudeild og körfuknattleiksdeild í samstarfi við Íþróttafélagið Áþenu.

Samkvæmt upplýsingum frá félaginu frá 2023 þá eru iökendur samtals 375, badminton 30, blak 45, knattspyrna 275 og karfa 25.

Íþróttafélagið Leiknir sendi Reykjavíkurborg ályktun frá aðalfundi sínum dagsettum 15. apríl 2024 með bréfið dagsettu 16. apríl. Í ályktuninni kemur fram að félagið óskar eftir samtali um stuðning sem jafngildir stuðningi sem hverfisfélög í borginni fá með stöðugildi íþróttafulltrúa.

Fulltrúar menningar- og íþróttasviðs hafa átt nokkra fundi með fulltrúum Leiknis m.a. vegna þessa máls. Félaginu hefur verið bent á að m.a. í tengslum við verkefnið Frístund í Breiðholti sem samþykkt var í borgarráði 27. ágúst 2020 njóti félagið sérstakrar fjárveitingar í formi þjónustustyrks frá Reykjavíkurborg sem er ígildi hálfis stöðugildis íþróttafulltrúa. Styrkurinn er í dag nýttur til að þjónusta velli félagsins með sambærilegum hætti og hjá öðrum íþróttafélögum í borginni.

Verkefnið Frístund í Breiðholti var tilraunaverkefni til briggja ára (2020-2023) sem framlengt hefur verið ótímabundið. Verkefnið nýtur sérstakrar fjárveitingar og er m.a. ætlað að efla kynningu á íþróttar- og frístundastarfi í Breiðholti og er verkefnið sameiginlegt verkefni þjónustumiðstöðvar Breiðholts, grunnskólanna, íþróttar- og frístundaaðila í náinni samvinnu við samtök íbúa af erlendum uppruna. Verkefninu er einnig ætlað að treysta viðtæka samvinnu til að efla og auðvelda þátttöku barna í íþróttar- og frístundastarfi í Breiðholti. Þjónustumiðstöð Breiðholts, grunnskólar, íþróttar- og frístundaaðilar og foreldrar eiga að vinna markvisst að því að auðvelda íþróttar- og frístundaþátttöku allra barna í Breiðholti óháð bakgrunni og efnahag.

Íþróttabandlagi Reykjavíkur (ÍBR) barst erindi frá Íþróttafélaginu Leikni þann 17. júlí 2023 um sama mál. ÍBR tók erindið fyrir á fundi sínum 29. maí 2024 og svaraði féluginu á eftirfarandi hátt;

„Íþróttafélagið Leiknir

Reykjavík 7. júní 2024

Efni: Umsókn um stöðu hverfisfélags

Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur hefur farið yfir erindi Íþróttafélagsins Leiknis frá 17. júlí 2023. Beðist er velvirðingar á hve dregist hefur að svara erindinu en forsvarsmönnum félagsins hefur verið gerð grein fyrir því í samtöllum á fyrrí stigum að erindinu yrði svarað að lokinni umfjöllun um styrki og hverfisfélög í tengslum við samstarfssamning Reykjavíkurborgar og ÍBR nú í vor.

Í vinnu fulltrúa Reykjavíkurborgar og ÍBR hefur verið horft á stöðu félaga í borginni, fjölða íbúa, fjölða iökenda, fjölða deilda og fleira sem gæti skipt máli varðandi starfsemi félaga innan hverfa borgarinnar. Til grundvallar var einnig skýrsla sem unnin var um stöðu hverfisfélaga af starfshópi á vegum ÍBR. Í þessari vinnu hafa ekki komið fram nægjanlega sterk rök fyrir því að Íþróttafélagið Leiknir verði hverfisfélag í Efra-Breiðholti.

Miðað við óbreytt fyrirkomulag varðandi hverfisfélög þá er talið að upptökusvæði hverfisfélags þurfi helst að hafa á bilinu 15-20 þúsund íbúa. Flest hverfisfélög nái því en vissulega ekki öll. Með því að skipta Breiðholti í tvö hverfi og fækka þannig íbúum að baki sitthvoru hverfisféluginu væri verið að veikja þann grunn.

Fjöldi iökenda í Leikni er líttill (250) og ef horft er til þeirra viðmiða sem voru sett fram í vinnu starfshópsins þá er hann talsvert langt frá því sem talið var að ætti að lágmarksfjöldi til að félag fengi stöðu hverfisfélags (1.000). ÍBR hefur samþykkt að setja af stað verkefni þar sem lagt er upp með aðgerðir til að fjölga iökendum í Efra- Breiðholti í samstarfi fjölmargra aðila. Vonandi munu þær aðgerðir verða til þess að iökendum í Leikni fjölgar.

Leiknir er nú með æfingar í badminton og blaki fyrir bæði kyn. Í fótbolta er hinsvegar einungis boðið upp á æfingar fyrir drengi. Eitt af því sem lagt hefur verið áhersla á íþeim skilyrðum sem sett eru til að félag sé hverfisfélag er að framboð sé fyrir bæði kyn.

Rétt er að halda því til haga að Leiknir fær nú þegar hlutfallslega hærri styrki en önnur félög sem meðal annars helgast af því að félagið hefur verið talið hafa nokkra sérstöðu í hverfinu.

Lög félagsins eru í dag mjög tengd einni grein, knattspyrnu, eins og félagið sé sérgreinafélag fyrir þá íþrótt. Ætli félagið að verða fjölgreinafélag og hafi það að markmiði að verða hverfisfélag er hér með hvatt til endurskoðunar á lögum félagsins með þetta í huga.

Vissulega hefur Leiknir sérstaka stöðu í Efra-Breiðholti en það er mat stjórnar ÍBR að með hliðsjón af stöðu annarra félaga í borginni í samanburði við Leikni hafi félagið ekki þá stöðu að það réttlæti að verða skilgreint sem hverfisfélag að svo komnu máli.

Virðingarfyllst, f.h. stjórnar ÍBR

Frímann Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri“

Samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur f.h. íþróttafélaganna í Reykjavík sem undirritaður var 20. febrúar 2024 kemur eftirfarandi fram um hverfisfélag í 3. gr.

Formaður/framkvæmdastjóri íþróttafélags er í forsvari fyrir aðalstjórni félagsins varðandi samning þennan og fyrirsvarsmaður gagnvart ÍBR og Reykjavíkurborg. Fulltrúi stjórnar íþróttafélagsins, tekur þátt í að samræma starf þeirra aðila er vinna að íþróttu- og tómstundamálum í því hverfi sem félagið starfar. Má þar nefna frístundamiðstöðvar, lögreglu, skóla, önnur æskulýðssamtök og þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar.

Hverfisfélag er svæðisbundið félag, sem ætlað er að þjóna tilteknu svæði í Reykjavík og stundar meginhluta starfsemi sinnar þar. Gert er ráð fyrir, að félagið eigi, eða hafi aðgang að íþróttasvæði og íþróttahúsi í hverfinu.

Félagið stundi a.m.k. 3 íþróttagreinar, þ.m.t. minnst tvær hópíþróttir. Allar íþróttagreinarnar skulu vera öllum opnar í samræmi við aldurs- og kynflokkun. Að auki skulu hverfisfélög tryggja framboð á einstaklingsíþróttum, ýmist sjálf eða í samstarfi við aðra.

Deild með eina íþróttagrein hefur virkt barna- og unglingastarf fyrir drengi, stúlkur og stálp á grunnskólaaldri eftir því sem greinin og aðrar aðstæður gefa tilefni til. Miðað er við að deild þurfi að hafa a.m.k. 20 virka og fullgilda iðkendur á grunnskólaaldri til að geta talist vera með virkt barna- og unglingastarf.

Með virku starfi er átt við:

- að sérstaklega sé boðið upp á aðstöðu og þjálfun fyrir alla aldurshópa á grunnskólaaldri og tekið þátt í opinberum mótm eða viðburðum í viðkomandi grein
- að boðið sé upp á sambærilega aðstöðu og þjálfun fyrir öll kyn
- að starfsemi allra aldurshópa sé í boði a.m.k. 6 mánuði á ári
- að innheimt séu æfinga- eða félagsgjöld af iðkendum

Unnið hefur verið að endurskoðun á fyrirkomulagi varðandi hverfisíþróttafélög og styrkjakerfi í tengslum við það. Aðilar eru sammála að halda þeirri vinnu áfram og klára hana í síðasta lagi 1. maí 2024 með það að markmiði að breytingar taki gildi árið 2025.

Samkvæmt samningi Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur f.h. íþróttafélaganna í Reykjavík sem undirritaður var 20. febrúar 2024 kemur eftirfarandi fram um íþróttafulltrúa í 11. gr.

Hvert hverfisfélag skal hafa a.m.k. einn íþróttafulltrúa í fullu starfi og fær félagið styrk til að standa straum af kostnaði vegna þess. Íþróttafulltrúi skal hafa háskólamenntun á sviði uppeldis, íþróttu- og/eða tómstundamála. Íþróttafulltrúi skal sinna innra starfi félagsins og taka þátt í að samhæfa íþróttu-, æskulýðs- og tómstundastarf í hverfi íþróttafélagsins í samstarfi við aðra er sinna slíku starfi. Ráðningu íþróttafulltrúa skal bera undir ÍBR.

Reykjavíkurborg og ÍBR skulu á samningstímanum endurskoða hlutverk íþróttafulltrúa með það að markmiði að efla starfið og tengja það auknu gæðaeftirliti innan íþróttahreyfingarinnar í Reykjavík.

Komið verði á samstarfsvettvangi íþróttafélaga/íþróttagreina þar sem mótaðar verði tillögur um leiðir til að draga úr brottafalli innan íþróttafélaga.

Stefnt er að því að sem flest íþróttafélög í Reykjavík fái gæðaviðurkenninguna fyrirmyndarfélag ÍSÍ. Jafnframt að ÍBR verði fyrirmyndarhérað ÍSÍ.

Íþróttafélagið Leiknir hefur sl. 50 ár sinnt mikilvægu hlutverki í stuðningi við börn og ungmenni í Efra-Breiðholti í Reykjavík. Félagið hefur notið stuðnings Reykjavíkurborgar allan þann tíma í formi aðstöðu og framlags til rekstrar m.a. mannvirkja. Íþróttafélagið Leiknir mun njóta þess stuðnings áfram.

Virðingarfyllst,

Eiríkur Björn Björgvinsson

sviðsstjóri menningar- og íþróttasviðs Reykjavíkurborgar